

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Sjávangötu 11, Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 26. mars 2002 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Sjávangötu 11 í Bessastaðahreppi frá skipulagi Sjávangötu, dags. 15. október 1993. Breytingin felst í stækkun byggingarreits á lóðinni.

Skipulagsuppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 4. apríl 2002.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.